



Reykjavík, 26. febrúar 2026

MSS26020075

ERINDISBRÉF

Spretthópur um nýtingu frístundastyrks fyrir stutt námskeið

Ábyrgðarmaður:

Steinþór Einarsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar dags. 17. febrúar 2026 samþykkti borgarstjórn að fela menningar- og íþróttaráði að undirbúa tilraunaverkefni sem feli í sér að hægt verði að nýta frístundastyrk fyrir styttri námskeið en núverandi reglur gera ráð fyrir. Núverandi reglur gera ráð fyrir nýtingu fyrir ákveðna tímalengd og hefur afmörkun þeirrar tímalengdar m.a. tekið mið af sjónarmiðum um félagsleg áhrif. Í ljósi þess að margt bendir til að tekjulægstu hóparnir eigi síður kost á að nýta styrkinn nema í styttri námskeið, er lagt til að farið verði af stað með umrætt tilraunaverkefni. Áhrifin verði metin sem og nýting frístundastyrksins. Menningar- og íþróttaráði verði falið að leggja fram áfanganiðurstöður eigi síðar en 20. mars 2026 og lokaniðurstöður eigi síðar en 8. maí 2026.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er líkt og rakið er í inngangi að undirbúa tilraunaverkefni sem feli í sér að hægt verði að nýta frístundastyrk fyrir styttri námskeið en núverandi reglur gera ráð fyrir. Hópnum er ennfremur falið að meta áhrifin sem og nýtingu frístundastyrksins og skila af sér áfangaskýrslu og síðar lokaskýrslu.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Undirbúa tilraunaverkefni sem feli í sér að hægt verði að nýta frístundastyrk fyrir styttri námskeið en núverandi reglur gera ráð fyrir
- Meta áhrifin sem og nýtingu frístundastyrksins á grundvelli tilraunaverkefnisins.
- Skila áfangaskýrslu.
- Skila lokaskýrslu.

Spretthópin skipa:

Sara Björg Sigurðardóttir, (formaður) varaborgarfulltrúi

Friðjón Friðjónsson, borgarfulltrúi.

Jóhannes Guðlaugsson, forstöðumaður hjá Suðurmiðstöð VEL

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR

Starfsmaður spretthópsins:

Jóhanna Garðarsdóttir, menningar- og íþróttasviði.



Reykjavík

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Spretthópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Spretthópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Spretthópurinn skili ábyrgðarmanni áfanganiðurstöðum eigi síðar en 20. mars 2026 og lokaniðurstöðum eigi síðar en 8. maí 2026.

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri

Hjálagt: Tilkynning um afgreiðslu, útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17. febrúar 2026.



Reykjavík